



FLUGSTOÐIR
ISAVIA

Lokaskýrsla



Flugslysæfingin Þingeyri 2008

Efnisyfirlit

Efni	Bls.
Efnisyfirlit	3
Inngangsorð	5
Almennt um framgang æfingarinnar	7
Fjöldi þátttakenda	8

Lausnaraðilar:

Lögreglan á Vestfjörðum → Haukur Á. Hermannsson	9
Björgunarstjóri → Kristján Gunnarsson	11
Rauðikross Íslands Dýrafjarðardeild → Bergur Torfason	13
Fjöldahjálp – Aðstandendur → Bergur Torfason - Bryndís Friðgeirsdóttir - Hrefna Magnúsdóttir	14
Björgunarsveitin Tindar Hnífsdal → Halldór Óli Hjálmarsson	16
Björgunafélag Ísafjarðar → Pálmi Árnason	17

Ráðgjafar:

Leikarar og förðun → Vigdís Agnarsdóttir	18
Heilbrigðisþjónusta, íbúar Þingeyrar - Björgunarsveitin Dýri Þingeyri - Björgunarsveitin Tindar Hnífsdal - Björgunarfélag Ísafjarðar → Bára Benediktsdóttir	19
Fjöldahjálp – Aðstandendur → Jón Brynjar Birgisson	21

FLUGSTOÐIR

ISAVIA

Þessi skýrsla er gefin út af Flugstöðum ohf. en efnisyfirlitið hér að ofan gefur til kynna hverjir eru höfundar einstakra kafla.

Umsjónarmenn með útgáfu þessarar skýrslu eru:
Kristján Torfason kristjan@flugstodir.is og Bjarni Sighvatsson bjarnis@flugstodir.is



Inngangsorð.

Daganna 16.-18. október var haldin flugslysaæfingin Þingeyri 2008.

Æfingin var liður í því skipulagi Flugstoða ohf. að halda eina viðamikla flugslysaæfingu á hverjum áætlunarflugvelli ekki sjaldnar en á fimm ára fresti. Þessi æfing er í röð margra æfinga sem haldnar hafa verið undanfarin ár á flestum áætlunarflugvöllum landsins. Umferðaminni flugvellir hafa að nokkru orðið útundan og það var því sannarlega kominn tími til þess að halda æfingu á Þingeyrarflugvelli.

Að undirbúningi æfingarinnar og að sjálfri æfingunni kom að venju hópur manna af höfuðborgarsvæðinu, svokallaður ráðgjafahópur.

Hópur þessi samanstendur af sérfræðingum úr hinum ýmsu starfsstéttum og tengist starf hvers ráðgjafa samsvarandi starfseiningu viðkomandi æfingarsvæðis.

Ráðgjafahópurinn fundar og skipuleggur frumvinnu við undirbúning æfingarinnar og í framhaldi af því er farið á viðkomandi stað og haldnar kynningar og kennslunámskeið. Fjöldi ráðgjafa ræðst að nokkru af umfangi / fjölda þeirra sem taka þátt í æfingunni.

Heildarskipulag hvernar æfingar byggist á viðbragðsáætlun, sem Almannavarnardeild ríkislögreglustjóra í samvinnu við Flugstoðir gefur út fyrir hvern flugvöll og kallast flugslysaáætlun viðkomandi vallar.

Samhliða æfingunum er því annaðhvort unnið að gerð nýrrar flugslysaáætlunar fyrir viðkomandi flugvöll eða þá að sú sem fyrir var er tekin til endurskoðunar, bæði fyrir æfinguna svo og er hún yfirfarin í ljósi reynslunnar af æfingunni og lagfærð eftir því.

Þessi endurskoðun kemur líka viðbragðsaðilum hvers staðar til góða þar sem menn rýna í sinn þátt í áætluninni og gefst bæði tækifæri til að hafa áhrif á áætlunina sjálfa svo og einnig að aðlaga starf sitt og skipulag að henni eða breytingum sem á henni kunna að vera gerðar.

Verkefnið að nokkru leiti langt í hendur heimamanna en undir stjórn Almannavarnardeildar ríkislögreglustjóra

Rétt er að benda á að þótt æfingin beinist einkum að hagsmunum flugfarþega þá nýtist æfingin ekki síður í hverri þeirri vát sem snert gæti viðkomandi bæjarfélag og tæki til fjölda manna, hvort sem um væri að ræða bruna, snjóflóð, rútuslys eða aðra vát.

Nú ganga æfingar sem þessar ekki út á það að kenna viðbragðsaðilum það sem þeir kunna fyrir, heldur er aðaláherslan lögð á að þessir hópar læri að vinna saman og myndi eðlilegt flæði sem byggist upp á stjórnun vettvangs og

umhverfi hans, björgun á slysstað, aðhlyningu við slysstað, fyrstu greiningu, flutning á söfnunarsvæði slasaðra, ummönnun þar og að lokum flutningi á sjúkrahús, fjöldahjálparstöð eða annað eftir atvikum.

Nú getur verið alllangt frá viðbragðsaðilum að flugvelli og einnig geta þeir verið alldreifðir. Það getur því verið nokkuð langt á milli viðbragðsaðila í útkalli. Æfingarlega væri næsta tilgangslaust að láta aðila mæta með hálf tíma millibili.

Því var valin sú leið að láta alla viðbragðsaðila bíða á Þingeyri og við útkallið mættu þeir til aðgerða með um tíu-fimmtán mínútna millibili til þess að viðbragðsröðin endurspegladi raunveruleikann að nokkru leiti.

Venjulega er mikið lagt undir þegar æfingar eru haldnar. Viðbragðsaðilar hvers staðar rýna í skipulag sitt og búnað og leitast við að bæta hvorutveggja eftir þörfum. Oft er farið út í nokkrar fjárfestingar á hlutun sem menn telja vanta til þess að eining þeirra geti staðið undir væntingum.

Það er því ljóst, að oft er nokkuð lagt undir bæði með mikilli vinnu svo og útlögðum kostnaði. Síðast en ekki síst er mikil framlegð sjálfbodaliða, nyti þeirra ekki við, yrði harla lítið úr flugslysæfingum.

Engin æfing verður betri en áhugi þátttakenda segir til um. Þessi æfing heppnaðist í mjög vel og það er ykkur að þakka.

Flugstoðir og þeir ráðgjafar sem komu að æfingunni vilja þakka þátttakendum fyrir ánægjuleg viðkynni og þann áhuga sem æfingunni og undirbúningi hennar var sýndur.

Leitast er við að hafa skýrslu þessa einfalda og auðlesna.

Útgáfa hennar hefur eitt aðalmarkmið:

Að draga fram hvað vel fór á viðkomandi æfingu svo viðbragðsaðilar viti hvað þeir gerðu rétt og dragi af því lærdóm..

Að draga fram hvað betur hefði mátt fara á viðkomandi æfingu svo viðbragðsaðilar geti dregið lærdóm af því og bætt úr...

Almennt um framgang æfingarinnar.

Daganna 16-18. október var haldin í fyrsta skipti flugslysaæfing á Þingeyrarflugvelli. Samkvæmt skipulagi skal halda flugslysaæfingu á hverjum áætlunarflugvelli á amk. fimm ára fresti. Reyndin er sú að minni flugvellir hafa að nokkru orðið útundan. Þetta var í fyrsta skipti sem slík æfing er haldin á Þingeyrarflugvelli.

Í heild má segja að flugslysaæfingin hafi gengið vel. Eldar voru slökktir, sjúklingum var bjargað og komið í aðhlynningu og þeir greindir.

Auðvitað dettur engum í hug að svo viðamikil æfing sem flugslysaæfing er, haldin í fyrsta skipti, gangi mistakalaust, ekki frekar en yrði í raunveruleikanum.

Samvinna var góð og rennsli æfingarinnar var gott. Slíkar æfingar byggjast númer eitt á að þjálfar fólk til að leysa saman fjölda verkefna þar sem verkþættir viðbragðsaðila skarast á margan hátt. Sú samvinna var með ágætum.

Fyrst voru heimamenn kallaðir út. Um tuttugu mínútum síðar kom lögreglan frá Ísafirði og björgunarfólk frá Ísafirði og Bolungarvík um þrjátíu mínútum frá útkalli.

Þetta var gert til þess að reyna að endurspegla veruleikann án þess þó að eyðileggja æfingagildið með því að láta rauntíma aðskilja þátttakendur.

Greinilegt var að fróðleikurinn hafði komist til skila, því að um leið og Rauðakrossfólk og prestur komu í flugstöð hófust þau handa. Á stuttri stund var búið að undirbúa flugstöðina sem Söfnunarsvæði slasaðra og setja upp allar merkingar.

Það sem gerði æfinguna dálítið öðru vísi var sú staðreynd að enginn úr heilbrigðisstétt tók þátt í hanni. Það bjargaði að vera með sjúkrahústjóra því þeir hafa góða undirstöðumenntun. Eðlilega var þetta takmarkandi þáttur í æfingunni, en þó held ég að þetta hafi ekki komið að mikilli sök því samvinna í öðrum þáttum ss. björgun,greining á slysstað, flutningur á söfnunarsvæði og skoðun þar gengu vel fyrir sig og skilaði því sem til var ætlast.

Heimamenn lögðu mikla vinnu í undirbúning og framkvæmd æfingarinnar. Það skilaði sér í góðum vinnubrögðum og oft hugmyndaríkum úrlausnum.

Nú þegar þið fáid þessa skýrslu í hendur þá er æfingunni að sönnu lokið, allur undirbúningur sem í hana fór virðist fjarri.

En eftir stendur að ýmis atriði gengu vel og þið funduð góðar lausnir á vandamálum. Eins voru hlutir sem ekki gengu sem best og bæta má eða finna betri lausnir á. Þetta eru lærdómsatriði æfingarinnar. Nú er boltinn hjá ykkur.

Nú er tíminn til að skipuleggja og framkvæma það sem bæta þarf. Ekki bíða eftir næstu æfingu.

Flugstoðir og ráðgjafar þakka öllum þeim sem þátt tóku í æfingunni fyrir þátt þeirra í henni og fyrir mikinn áhuga og ánægjuleg viðkygni.

Bjarni Sighvatsson,æfingastjóri.

Starfsmaður Flugverndar- og björgunardeildar Flugstoða.

Fjöldi þátttakenda á flugslysæfingunni á Þingeyri 18. okt. 2008.

Dýrafjarðardeild Rauða krossins.	5
Tindar, björgunarsveit.	4
Dýri,björgunarsveit/ Slökkvilið Þingeyrar	13
Lögreglan.	6
Björgunarfélag Ísafjarðar.	5
Prestur.	1
Leikarar og aðstoðarmenn	21
Ráðgjafar	8
Flugsstoðarmenn	3
Aðrir	2-3

Samtals: 66-69



Flugslýsaæfingin Þingeyri 2008 - Skýrsla lausnaraðila.

1. Starfseining	Skýrsluritari/ar:
Lögreglan á Vestfjörðum	Haukur Á. Hermanns, vst.

2. Hvaða starfseiningar unnu að þessum verkþætti/verkefni
Lögregla, slökkvilið, björgunarsveitir, starfsmenn Flugstoða.

3. Hvar var viðkomandi staddur á meðan á æfingu stóð?
Flugturni Þingeyrarflugvallar.

4. Nefnið nokkur atriði sem hefðu mátt fara betur og gerið tillögur að úrbótum.
--

Við undirbúning æfingarinnar:

Fannst vanta að farið hafi verið yfir hvernig skuli nota fjarskiptin, þ.e. hvernig á að kalla. Að fyrst sé sagt nafn/starfsheiti þess sem kallað er í og svo nafn/starfsheiti þess sem kallar. Þetta kemur í veg fyrir mikinn misskilning og var að brenna við á æfingunni á Þingeyri.

T.d. þegar björgunarstjóri kallar í vettvangsstjóra að þá sé kallað „björgunarstjóri- vettvangsstjóri“. Aðalatriðið að allir geri þetta eins.

Einnig mjög mikilvægt að þeir sem sinna stjórnunarstöðum og þurfa að sinna 2 eða fleiri talhópum, skilji þar á milli og viti við hverja þeir eru að tala í hvert skipti, eða hverjir eru að tala við þá. Þar af leiðandi er mjög mikilvægt að menn geri grein fyrir sér.

Þá fannst mér frekar lítið talað um hve mikilvægt það er að reyna eftir fremsta megni að hrófla við sem minnstu á slysavettvangi. Sérstaklega að láta látna einstaklinga alveg vera nema í brýnustu nauðsyn og þá, ef mögulegt er, að punkta hjá sér hvað var gert. Koma þeim upplýsingum til lögreglu.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis á æfingunni sjálfri:

Á slysavettvangi eru hugsanlega ekki allir björgunaraðilar með talstöðvar og geta þar rætt við sinna björgunarstjóra.

Lausn á þessu gæti verið að björgunarstjóri væri með gjallarhorn og kæmi þannig upplýsingum eða skilaboðum til sinna manna.

Hávaðasöm fjarskipti í flugstöðinni, SSL, glymja yfir alla slasaða sem og aðstandendur þeirra. Verið að gefa upp nýjar tölur slasaðra eða látinna. Lausn á þessu gæti verið að þeir sem starfa í SSL væru með hlustun í eyrað, „earpeace“.

4. Nefnið nokkur atriði sem fóru vel.

Við undirbúning æfingarinnar:

Undirbúningurinn var mjög góður. Viðbragðsaðilar voru allir með á því út á hvað æfingin gekk, og unnu allir saman að úrlausnum.

Mjög gott var að hafa æfinguna sem „gönguæfingu“ en ekki taka hana á fullum hraða. Talsvert meiri lærdómur sem hlaut af æfingunni fyrir vikið.

Boðunin, bæði prófunin og boðunin vegna æfingarinnar, gekk mjög vel til lögreglumanna.

Þá var mjög gott að láta alla mæta á Þingeyri áður en æfingin hófst, í stað þess að láta alla byrja í sínum aðalstað. Leyfa sem flestum að fylgjast með allri æfingunni.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis á æfingunni sjálfri:

Mjög stuttur tími sem tók að finna, undirbúa undir flutning og koma af slysavettvangi, 26 slösuðum einstaklingum. Skv. skráningu VS og talningamanns voru það u.þ.b. 50 mínútur.

Æfingin fannst mér ganga mjög vel fyrir sig. Þeir viðbragðsaðilar, sem komu að æfingunni, gengu allir mjög fumlaut til verka og sýndi það sig í þeim skamma tíma sem tók að koma öllum 26 einstaklingunum frá slysavettvangi og í SSL.

Samt sem áður setti það strik í reikninginn hversu fáir komu frá hverjum viðbragðsaðila. Ef fleiri hefðu mætt frá öllum viðbragðsaðilum þ.e. lögreglu, slökkviliðum og björgunarsveitum, hefði verkefnið verið ennþá auðveldara viðfangs og tíminn ennþá styttri í að koma slösuðum í hús.



Flugslysaæfingin Þingeyri 2008 - Skýrsla lausnaraðila.

1. Starfseining	Skýrsluritari/ar:
Björgunarstjóri	Kristján Gunnarsson

2. Hvaða starfseiningar unnu að þessum verkþætti/verkefni
Slökkvilið, Björgunarsveit, Flutningar.

3. Hvar var viðkomandi staddur á meðan á æfingu stóð?
Á slysasvæði.

4. Nefnið nokkur atriði sem hefðu mátt fara betur og gerið tillögur að úrbótum.
--

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Í undirbúningi þarf að brýna fyrir bílstjórum flutningatækja að láta björgunarstjóra vita, hvað þeir eru að fara með marga slasaða (þolendur) af svæðinu í hverri ferð.

Betra hefði verið að kynna okkur slökkviliðsmönnum slökkvibíl flugvallarins, læra á hann og hvaða búnað hann hefur. Gott væri að merkja utaná skápahurðir hvaða tæki eru þar geymd. Svo hægt sé að ganga beint að verkfærum. Því slökkviliðs menn minni slökkviliða eru afar sjaldan að skoða flugvallaslökkvibíla.

Einnig þarf að útskýra mikilvægi þess að hópstjórar stýri sínum hópum á sér stöðvum (rásur) og hafi þannig tengsl við björgunarstjóra sem getur þá fylgst betur með framgangi mála.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis á æfingunni sjálfri:

Björgunarstjóri náði ekki jafnóðum að hafa tölu á þolendum sem fluttir voru af svæðinu.
En fékk uppgefin fjölda frá söfnunarsvæði.

4. Nefnið nokkur atriði sem fóru vel.
--

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Undirbúningur í heild var bara góður.
Gott var að fá námskeið í slyshjál og fyrirlestra um aðra þætti fyrir æfinguna.
Æfingin í heild tókst vel að mínu mati og var mjög lærdómsrík fyrir heimamenn í heild sinni.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis á æfingunni sjálfri:

Flutnigaðilar tilkyntu ekki björgunarstjóra hve marga þeir væru að fara með hverju sinni, og ekki komu sína til baka, til að segjast vera tilbúnir í næsta flutning.

Á svæðinu voru óviðkomandi bílar sem hefðu verið góðir til flutnings, það ruglaði björgunarstjóra aðeins. Væri betra að hafa þá fjær á æfingum.

Hópstjórar höfðu litið samband við björgunarstjóra, festust í aðgerðunum sjálfum vegna þess að þeir voru uppteknir í björgunarstörfum. Einnig bílsstjórar flutninga.

Það er kaski erfit að laga þetta, sérstaklega þegar hópar eru fámennir eins og var í upphafi.

Björgunarstjóri hafði yfirsjón á svæðinu og stýrði aðgerðum eftir bestu getu.. Held það hafi tekist nokkuð vel, þó eitthvað hafi yfirsést. Ekki nógu ákveðin stundum. Gott var að hafa leiðbeinanda á staðnum.

Á aðgerðarrás tetra var eitthvað meira talað innan hópa, sem jók á tetra viðskifti og olli smá misskylningi stundum. Eyrna tæki á tetra var ekki til. Hefði verið betra.



Flugslysæfing á Þingeyri 18. október 2008.

Rauðikross Íslands Dýrafjarðardeild.

Rauðakrossdeildin opnaði ekki fjöldahjálparstöð, þar sem skipulagi æfingarinnar var ekki ætlað að ná út fyrir flugvöllinn.

Fulltrúar frá deildinni voru á undirbúningsfundum, sem Flugstoðir boðuðu til. Á laugardag, sjálfan æfingardaginn, fengu þeir sem voru á útkallslista, tilkynningu í farsíma með SMS-skilaboðum kl. 11.25 frá 112, svohljóðandi: ÆFING F1 Rauður Neyðarstig LAND Thingeyrarflugvollur Æfing – F1> .

Þau sem mættu út á flugvöll í nafni Rauðakrossins voru:

Bergur Torfason, Davíð H Kristjánsson, Gunnhildur B Elíasdóttir, Þorbjörg Gunnarsdóttir og Sigríður Gunnarsdóttir.

Þar sem ekki var áformað að opna fjöldahjálparstöð, störfuðum við eingöngu í flugstöðinni sjálfri, SÖFNUNARSTAÐ SLASAÐRA. Slökkvilið og björgunarsveitir voru mættar á slysstað og flugstöðin “mannlaus”. Við tókum því til við að undirbúa flugstöðina til móttöku slasaðra og greiningar. Hengdum upp leiðbeiningarskylti. Settur var 1 rauðakrossmaður til aðhlynningar á svæði GRÆNT og annar á svæði GULT, en hinir þrír voru til aðstoðar og aðhlynningar á greiningarsvæði og svæði RAUÐRA.

Mat okkar er að æfingin í heild hafi tekist vel. Rauðakross fólk reyndi að hlynna að sjúklingum eftir getu. “Aðstandendur” sem mættu voru teknir og nýttir við aðhlynningu.

Helstu atriði sem betur hefðu mátt fara: Deildin hefði getað skipulagt undirbúning sinn betur. Við fundum ekki sjúkrakassa sem var í flugstöðinni og deildin var ekki með sjúkrakassa. Hún var fáliðuð m.a. sökum þess að nokkrir líkilmenn voru í öðrum hlutverkum á æfingunni og einn fjarverandi. Því er ljóst að kalla hefði átt hingað aðstoð úr nærliggjandi deildum.

Rauðakrossdeild Ísafjarðar opnaði fjöldahjálparstöð sína í Grunnskólanum á Ísafirði og hafði þar skrifborðsæfingu. Fjöldahjálparstöðin er í nýju húsnæði og taldi deildin þetta gott tækifæri til að láta aðeins reyna á hana. Þeir tóku fram að: Æfing þeirra var ekki með neinum “leikendum”, en þeir lærðu með þessu nokkuð á fjöldahjálparstöðina. Þeir fengu smá upplýsingar frá Rauðakross deildinni hér í gegnum síma um gang æfingarinnar. Eina neikvæða athugasemd þeirra var að AÐGERÐASTJÓRN var ekki virk til þeirra.

Skýrsluritari: Bergur Torfason, formaður Rauðakross Íslands Dýrafjarðardeild.

Flugslýsaæfingin Þingeyri 2008 - Skýrsla lausnaraðila.

1. Starfseining	Skýrsluritari/ar:
Fjöldahjálp - Aðstandendur	Fh. Dýrafjarðardeildar RKÍ, Bergur Torfason, fh. Svæðisskrifstofu RKÍ á Vestfjörðum, Bryndís Friðgeirsdóttir, fh. Ísafjarðardeildar Hrefna Magnúsdóttir formaður

2. Hvaða starfseiningar unnu að þessum verkþætti/verkefni
Dýrafjarðardeild RKÍ, Ísafjarðardeild RKÍ, Bolungarvíkurdeild RKÍ, Súðavíkurdeild RKÍ, Súgandafjarðardeild RKÍ og sóknarpresturinn á Þingeyri.

3. Hvar var viðkomandi staddur á meðan á æfingu stóð?
Í fjöldahjálparstöð/SSA í Grunnskólanum á Ísafirði og á SSS á Þingeyrarflugvelli.

4. Nefnið nokkur <u>atriði sem hefðu mátt fara betur</u> og gerið tillögur að úrbótum.
--

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

<ul style="list-style-type: none">• Það hefði mátt hafa sóknarprestinn og hópslysanevnd kirkjunnar meira inni í undirbúningi æfingarinnar.• Aðgerðastjórn á Ísafirði hefði mátt vera virkjuð. Fulltrúi RKÍ í aðgerðastjórn kom að luktum dyrum og SSA á Ísafirði skorti tengingu við „æðra stjórnvald“. Það var þó leyst með skrifborði.• Þar sem æfingin á SSA á Ísafirði fór eingöngu fram á skrifborði, án leikara þótti hún ekki gefa nógu raunverulega mynd af starfsemi af þessu tagi.
--

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis

<ul style="list-style-type: none">• Dýrafjarðardeild hefði getað skipulagt undirbúning sinn betur.• Við fundum ekki sjúkrakassa sem var í flugstöðinni og deildin var ekki með sjúkrakassa.• Deildin var faliðuð m.a. sökum þess að nokkrir lykilmenn voru í öðrum hlutverkum á æfingunni og einn fjarverandi. Því er ljóst að kalla hefði átt hingað aðstoð úr nærliggjandi deildum, Öfundarfjarðar- og Súgandafjarðardeild.

4. Nefnið nokkur <u>atriði sem fóru vel</u> .

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

<ul style="list-style-type: none">• Ágætlega gekk að fá fólk á æfinguna.• Gott var að fá fræðsluerindin fyrir æfinguna.
--

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis

- Boðunin gekk vel.
- Mæting var ágæt bæði hjá Dýrafjarðardeild og hinum deildunum sem mættu á skrifborðsæfinguna á Ísafiðri.
- Vel gekk að hlúa að „slösuðum“ í flugstöðinni. Aðstandendur sem mættu í flugstöðina voru einnig fengnir til að sinna slösuðum.



Flugslýsaæfingin Þingeyri 2008 - Skýrsla lausnaraðila.

1. Starfseining	Skýrsluritari/ar:
Björgunarsveitin Tindar Hnífsdal	Halldór Óli Hjálmarsson

2. Hvaða starfseiningar unnu að þessum verkþætti/verkefni

3. Hvar var viðkomandi staddur á meðan á æfingu stóð?
Var Flutningsstjóri, fór á slysstað í upphafi en var svo við SSS

4. Nefnið nokkur atriði sem hefðu mátt fara betur og gerið tillögur að úrbótum.
Við undirbúning æfingarinnar: <i>Hef engar athugasemdir við undirbúning</i>

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis á æfingunni sjálfri:

*Mér fannst of langur tími líða þar til fyrstu sjúklingar á börum fóru á SSS, þegar flugvöllurinn lokar vegna komu fyrstu sjúkravélar eru tveir bílar með sjúklinga akkúrat ferðbúnir en þurfa að bíða meðan vélin lendir. Betra hefði verið ef einhver hefði haft umsjón með fermingu bíla og jafnframt tilkynnt tilflutningsstjóra hvað margir sjúklingar og hvernig greindir væru í bílunum. Með þessu hefði mátt koma á betra flæði og síður hefði komið fyrir að tveir bílar væru að koma á sama tíma á SSS.
Verkþáttastjórar hefðu mátt vera auðkenndir með hjálm eða vesti.
Töluvert vantaði upp á að menn hafi kynnt sér fjarskiptaskipulag sem þýddi að nánast öll fjarskipti við flutningsstjóra voru á Tetra AV VF2*

4. Nefnið nokkur atriði sem fóru vel.
Við undirbúning æfingarinnar: Yfirferðin á fimmtudags og föstudagskvöldi var góð og virtist skila sér á æfingunni.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis á æfingunni sjálfri:

Þegar ég kem á svæðið er búið að gera SSS tilbúið til móttöku fórnarlamba. Þrátt fyrir skort á mannskap virtist ekki vera nokkur hörgull á búnaði (börum-spelkum).

Flugslysæfingin Þíngeyri 2008 - Skýrsla lausnaraðila.

1. Starfseining	Skýrsluritari/ar:
Björgunafélag Ísafjarðar	Pálmi Árnason

2. Hvaða starfseiningar unnu að þessum verkþætti/verkefni
Fyrstuhjálparhópur 2 menn. Tækjahópur 2 menn á 2 bílum

3. Hvar var viðkomandi staddur á meðan á æfingu stóð?
Á slysstað og greiningarstöð

4. Nefnið nokkur atriði sem hefðu mátt fara betur og gerið tillögur að úrbótum.
Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis: <i>Fá Svæðisstjórn Landsbjargar á svæði 7 með í undirbúning, til að fjöldi björgunaraðila hefði verið betri og vakið meiri áhuga á æfinguni, því þar þekkja menn vel til eðlis eininga.</i>

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis á æfingunni sjálfri:

<i>Fjöldi björgunar manna hefði mátt vera fleiri. En það er eittvað sem hver sveit þarf líka að laga hjá sér. Við í okkar sveit tökum á því hér eftir. Manna í greinigu á greiningarstöð sem fyrst, annann en stjórnanda greingarstöðvar.</i>

4. Nefnið nokkur atriði sem fóru vel.
Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis: Undirbúningur var með sóma og æfing var með ágætum. Sjúklingar vel gerðir. Alvara-alvara er gott að þekkja í æfingum, virkaði.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis á æfingunni sjálfri:

Framkvæmd var góð, gott að vera á staðnum þótt við hefðum ekki tekið þátt fyrri en aðflutningstími væri liðinn. og úrlausn tókst þokkalega af okkar hendi út á slysstað og í greiningarstöð.
--

Flugslýsaæfingin Þingeyri 2008- Skýrsla ráðgjafa

1. Viðfang (Verkþáttur eða verkefni)	Ráðgjafi/ar:
Leikarar og förðun	Vigdís Agnarsdóttir

2. Hvaða starfseiningar unnu að þessum verkþætti/verkefni
Flugstoðir ohf, Slökkvilið Akureyrar.

3. Hvar var viðkomandi ráðgjafi staddur á meðan á æfingu stóð?
Á vettvangi, síðan á SSS > Leikaramiðstöð

4. Nefnið nokkur <u>atriði sem hefðu mátt fara betur</u> og gerið tillögur að úrbótum.
Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:
Ég tel að þessi æfing hafi gengið mjög vel þegar litið er á þennan þátt.

4. Nefnið nokkur <u>atriði sem fóru vel</u>.
Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Ekki var haldin formleg leikarakynning en ég hitti flesta leikarana frá Ísafirði á fimmtudagskvöldinu þar sem þau gátu fengið upplýsingar um það sem þeim fannst vanta. Þau voru búin að fá blað með upplýsingum fyrir leikara áður þannig að þau vissu hvað verkefnið snérist um. Leikarar komu frá Ísafirði og Þingeyri. Flestir leikararnir voru frekar ungir. Þau stóðu sig mjög vel þrátt fyrir ungan aldur.

Takk fyrir flottan leik og frábæra takta.

Þrír aðilar fyrir vestan eiga mikið hrós skilið fyrir frábæra aðstoð við æfinguna. Sigrún Árnad., Þröstur Ólafsson og Guðrún Sigríður frá Ísafirði komu og sáu um förðun og eftirlit með leikurum með mér. Þau eru vön og hafa verið með okkur áður á æfingu. Það er einfaldlega ómetanlegt að eiga svona gott aðstoðarfólk þegar að æfingu kemur.

Heimamenn á Þingeyri sáu um að útvega okkur aðstöðu fyrir leikara, fyrir valinu varð að förðun var í flugstöðinni sem kannski er ekki besti staðurinn en þetta gekk nú allt saman og ég tel að það hafi ekki komið niður á æfingunni sjálfri. Konur frá slysavarnadeild sáu um að smyrja ofaní leikara og gefa þeim hressingu áður en æfingin hófst, frábær þjónusta enn og aftur, allir fóru saddir og heitir út sem þýðir að kuldinn þolist mun betur hjá öllum.

Skráning og utanumhald á leikurum á æfingunni gekk mjög vel.

Staðsetning og fyrirkomulag við að dreifa sjúklingum á vettvang gekk mjög vel þar sem samvinna við SA sem sáu um uppsetningu vettvangs skilaði sér vel.

Takk fyrir okkur. Og takk fyrir frábæra kjötsúpu að æfingu lokinni.

Kveðja, Vigdís Agnarsdóttir

Flugslýsaæfing Þingeyri 2008- Skýrsla ráðgjafa

1. Viðfang (Verkþáttur eða verkefni)	Ráðgjafi/ar:
Heilbrigðisþjónusta-íbúar Þingeyrar Björgunarsveitin Dýri Þingeyri Björgunarsveitin Tindar Hnífsdal Björgunarfélag Ísafjarðar	Bára Benediktsdóttir Verkefnastjóri neyðarþjónustu LSH

2. Hvaða starfseiningar unnu að þessum verkþætti/verkefni
Íbúar Þingeyrar, björgunarsveitin Dýri Þingeyri, björgunarsveitin Tindar Hnífsdal, Björgunarfélag Ísafjarðar

3. Hvar var viðkomandi ráðgjafi staddur á meðan á æfingu stóð?
Vettvangur og söfnuarsvæði slasaðra (SSS)

4. Nefnið nokkur <u>atriði sem hefðu mátt fara betur</u> og gerið tillögur að úrbótum.
--

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Það þarf að efla kennslu á tetrastöðvar fyrir heilbrigðisstarfsfólk

Fjarskiptaskipulag þarf að endurskoða og taka á þáttum eins og AS og SST frá aðhlyningarstjóra

Þar að vera skýrt hver það er sem stjórnar bæði á vettvangi og á SSS

Merkja þarf stjórnendur betur

Birgðastjórn hefði mátt vera betri inn á SSS

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis

Starfsfólk Sjúkrahúsið á Ísafirði hafði ekki tök á því að taka þátt í æfingunni

Kenna þarf öllu heilbrigðisstarfsfólki á Tetra talstöðvar því nú á spítalinn á Ísafirði 8 tetrastöðvar og sjálfsagt að nota þær. Eins eru sjúkraflutningar farnir að nota Tetra á því sjálfsagt að vera í sambandi á Tetra við spítalann.

5. Nefnið nokkur atriði sem fóru vel.

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Bráðaflokkun gekk vel

Umönnun sjúklinga á SSs var góð

Flutningur af SSS gekk vel

Samstarf eininga gekk vel

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis

Íbúar og björgunarsveitir frá Dýrafirði, Hnífsdal og Ísafirði leystu þetta verkefni eins vel og kostur var



Flugslysaæfingin Þingeyri 2007 - Skýrsla ráðgjafa.

1. Starfseining	Skýrsluritari/ar:
Fjöldahjálp - Aðstandendur	Jón Brynjar Birgisson.

2. Hvaða starfseiningar unnu að þessum verkþætti/verkefni
Rauða kross deildir Dýrafjarðar, Ísafjarðar, Bolungarvíkur, Súðavíkur og Súgandafjarðar. Sóknarpresturinn á Þingeyri.

3. Hvar var viðkomandi staddur á meðan á æfingu stóð?
Í fjöldahjálp/SSA í grunnskólanum á Ísafirði.

4. Nefnið nokkur <u>atriði sem hefðu mátt fara betur</u> og gerið tillögur að úrbótum.

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

<ul style="list-style-type: none">• Í raun hefði þurft að æfa opnun SSA á Þingeyri.• Sjálfboðaliðarnir fengu ekki raunverulega mynd af opnun SSA með því að spila aðeins á skrifborði. Sama má segja með það að aðgerðastjórn var ekki kölluð saman í æfingunni.• RKÍ hefði mátt hafa ráðgjafa á Þingeyri meðan á æfingunni stóð. Rauða kross fólk og prestur á Þingeyri störfuðu reyndar undir aðhlyningarstjóra og því verður ekki tekin sérstaklega afstaða til þeirra starfa hér. Það er verkefni annars ráðgjafa.
--

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis

<ul style="list-style-type: none">• Varla hægt að tiltaka það sérstaklega þar sem ekki var um nein krefjandi verkefni að ræða.
--

4. Nefnið nokkur <u>atriði sem fóru vel</u>.

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

<ul style="list-style-type: none">• Þátttaka var mjög góð meðal deilda og þær voru vel stemmdar fyrir verkefnið.• Helgina fyrir æfingu var haldið fjöldahjálparstjóranámskeið á Ísafirði svo Rauða kross fólk fékk góðan undirbúning.• Mikilvægt var fyrir deildirnar að hittast og fara í gegnum það hvernig yrði staðið að fjöldahjálp og virkjun Söfnunarsvæðis aðstandenda á norðanverðum Vestfjörðum.
--

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis

- Opnun húsnæðis var æft frá byrjun. Það gekk mjög vel. Formaður Ísafjarðardeildar tók að sér stjórnun og gerði það af yfirvegun.
- Húsnæðið var merkt og farið var í gegnum starfsemina og hugsanleg verkefni sem þar þyrfti að fara fram.
- Hugað var að skráningarkerfi, mótuneyti, aðstöðu fyrir sálrænan stuðning/áfallahjálp, hvíldar-/svefnaðstöðu, tölvuveri, túlkabjónustu, fyrirkomulagi upplýsingagjafar og ráðgjafar. Starfsemin var sem sagt skipulögð frá a til ö sem á svo sannarlega eftir að nýtast þegar kallið kemur.



